

Menntastefna Langanesbyggðar 2026 - 2030

Stefnumið

Menntastefna Langanesbyggðar er sett fram með áherslu á heildrænan þroska, jafnrétti, sjálfbærni, félagsfærni, skapandi hugsun, einstaklingsmiðað nám og sterk tengsl við samfélagið. Markmiðið er að tryggja öllum börnum innan sveitarfélagsins tækifæri til þroska og náms í öruggu og hvetjandi umhverfi.

1. Heildræn menntun og vellíðan

Heildræn menntun tekur mið af þroska barnsins á öllum sviðum. Börn þróa sjálfsvitund, færni í samskiptum og ábyrgð á samfélaginu með verkefnum sem tengjast raunverulegum aðstæðum. Hún styrkir sjálfstraust og tilfinningagreind barna. Kennsla og umönnun tekur mið af félagsfærni, streitustjórnun og sjálfsvirðingu. Það stuðlar að vellíðan með áherslu á líkamlega og andlega heilsu.

2. Jafnrétti og jafnræði

Jafnrétti felst í því að tryggja öllum börnum jafnan aðgang að gæðamenntun og úrræðum, óháð bakgrunni eða sérþörfum. Mismunur er ekki liðin og börn fá stuðning sem hæfir þörfum þeirra.

3. Sjálfbærni og náttúruvernd

Sjálfbærni og náttúruvernd er samþætt í kennslu á öllum skólastigum, þar sem börn eru frædd um umhverfisvernd, hringrásarhagkerfi og ábyrgð á náttúrunni. Sérstaklega er horft til landbúnaðar, sjávarútvegs og ferðaþjónustu sem grunnatvinnuvega í Langanesbyggð.

4. Félagfærni og samfélagsvitund

Félagfærni er eflað með verkefnum í hópvinnu, leiklist og samtölum um samskipti. Samfélagsvitund er þróuð með þátttöku í samfélagsverkefnum og sjálfbóðaliðastarfi sem gefur börnum innsýn í ábyrgð gagnvart samfélaginu. Skólar og samfélag vinna saman að verkefnum sem tengjast samfélaginu, náttúruvernd og menningarviðburðum. Börn taka virkan þátt í samfélagsverkefnum.

5. Skapandi hugsun og lausnamiðuð nálgun

Börn eru hvött til að þroska skapandi hugsun með hugflæði, þemaverkefnum og samþættingu námsgreina. Verkefni eru byggð á raunverulegum áskorunum til að efla gagnrýna og lausnamiðuða hugsun.

6. Fjölbreytt og einstaklingsmiðað nám

Börn fá fjölbreytt námsefni og stuðning sem hæfir þörfum hvers og eins. Kennslan er sveigjanleg og tekur mið af námsstíl og styrkleikum barna til að tryggja að öll nái árangri. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám og teymiskennslu. Í leikskólanum er leikurinn álitinn grunnur námsins, þar sem börn þroska félagsfærni, sköpunargáfu og sjálfstæði í örvandi umhverfi sem stuðlar að náttúrulegum þroska þeirra.

7. Stafræn færni

Stafræn færni er samþætt námi þar sem færni barna er eflað í tölvunotkun, gagnrýninni tækninotkun og netsiðferði. Markmiðið er að undirbúa þau fyrir framtíðina og gera þeim kleift að nýta tæknina á ábyrgan hátt.

8. Foreldrasamstarf – samvinna, traust og þátttaka

Aðkoma foreldra er lykilþáttur í skólastarfi Langanesbyggðar, þar sem öflug samvinna milli skóla og heimila stuðlar að betri námsárangri og vellíðan barna. Áhersla er lögð á að tryggja virka þátttöku foreldra í námi barna sinna, stuðla að gagnsæi í samskiptum og efla traust.

9. Aðbúnaður – öruggt og hvetjandi námsumhverfi

Langanesbyggð leggur áherslu á að skapa aðlaðandi, öruggt og fjölbreytt námsumhverfi í leik- og grunnskólum sínum, sem styður við þroska, vellíðan og nám allra barna. Góð aðstaða og tækjakostur eru lykilatriði fyrir árangursríkt nám og skipulag skólastarfs og er markmið sveitarfélagsins að veita börnum aðbúnað sem stuðlar að örvun í námi og hreyfingu, umhverfisvitund og skapandi verkefnum.

10. Starfsfólk – grunnur að öflugu skólasamfélagi

Starfsmenn skóla í Langanesbyggð gegna lykilhlutverki í að skapa námsumhverfi sem styður við alhliða þroska, námsárangur og vellíðan barna. Markmiðið er að tryggja fagmennsku, góðan starfsanda og stuðning við stöðuga þróun starfsfólksins til að mæta þörfum fjölbreytts barnahóps. Stefnan miðar að því að efla hæfni starfsfólks, styðja við vellíðan þeirra og tryggja að skólarnir séu aðlaðandi vinnustaðir sem laða að hæft starfsfólk.

11. Mat og umbætur

Mat og umbætur á skólastarfi eru lykilatriði til að tryggja að skólar veiti börnum bestu mögulegu menntun. Með markvissu mati, reglulegri endurgjöf, og samstarfi milli skóla og sveitarfélags er hægt að bæta námsárangur og vellíðan barna stöðugt. Þetta ferli tryggir að skólastarfið sé í takt við þarfir barna, foreldra og samfélagsins og að það sé alltaf í þróun til að mæta breytilegum áskorunum og tækifærum.

Markmið og viðmið

1. Heildræn menntun og vellíðan

- a. Þroska börn á fjölbreyttum sviðum til að skapa jafnvægi í líkamlegum, félagslegum og siðferðilegum þroska.
 - Vikulegar hreyfistundir séu minnst 150-300 mínútur
 - Vikulegir bekkjarfundir með áherslu á félagsfærni
- b. Sampætta námsgreinar og tengja þær við raunveruleikann, svo börn geti nýtt þekkingu sína á fjölbreyttan hátt.
 - 30% kennslutíma varið í þverfagleg verkefni
 - Að lágmarki tvær vettvangsferðir á önn fyrir hvern árgang/deild
- c. Byggja á reynslunámi með áherslu á sjálfsvitund og samskiptahæfni.
 - 100% barna taki þátt í sjálfsmati um samskiptafærni
 - Að lágmarki tvö samstarfsverkefni á önn milli árganga/deilda
- d. Efla tilfinningagreind, félagsfærni barna með þjálfun í samskiptum og streitustjórnun með því að vinna markvisst að streitustjórnun í gegnum lífsleiknikennslu.
 - 90% barna geti nefnt fimm leiðir til að takast á við streitu
- e. Kenna sjálfstjórn og ábyrgð á eigin hegðun með því að þjálfra lausnamiðaða hugsun og skipulagningu.
 - Vikuleg markmiðasetning með börnunum
 - 80% nemenda sýni framfarir í sjálfstjórn
 - 90% nemenda þekki afleiðingar gjörða sinna
- f. Styðja börn í að þróa jákvæða sjálfsmynd, seiglu og bjartsýni til framtíðar.
 - Eitt námskeið á önn um seiglu og sjálfseflingu
 - Vikuleg skráning á jákvæðri endurgjöf til nemenda
 - 90% nemenda geti nefnt eigin styrkleika
- g. Styðja börn í jákvæðri heilsuhegðun og efla skilning þeirra á mikilvægi heilbrigðs lífsstíls.
 - 100% þátttaka í skipulagðri hreyfingu á skólatíma
 - Heilsueflandi þemadagar á hverju skólaári
 - 85% nemenda þekki grundvallarþætti heilbrigðs lífsstíls

2. Jafnrétti og jafnræði

- a. Tryggja að öll börn hafi jafnan aðgang að gæðamenntun, óháð bakgrunni.

- 100% barna hafi aðgang að nauðsynlegum námsgögnum og leikföngum
 - 100% kennara hafi fengið þjálfun í fjölbreyttum kennsluaðferðum og sýni slíka starfshætti í orði og verki.
- b. Þjóða upp á stuðning fyrir þá sem þurfa, svo sem stoðkennslu eða sálfræðilega aðstoð.
- 100% barna með greindar sérþarfir fái viðeigandi stuðning
 - Reglulegt endurmat á stuðningsþörf, að lágmarki á 6 vikna fresti
 - 90% ánægja foreldra með stuðningsþjónustu í könnunum
 - Árlegt endurmat á árangri stuðningsúrræða
- c. Skapa námsumhverfi þar sem fjölbreytileiki er virtur og stuðla að sveigjanleika í kennslu fyrir börn með sértækar þarfir.
- Minnst 3 mismunandi námsmatsaðferðir settar fram í hverri námsgrein
 - 100% kennara hafi fengið þjálfun í að kenna fjölbreyttum barnahópi og sýna það í orði og verki
 - 90% barna telji sig geta stundað nám á eigin forsendum
 - Árleg úttekt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og námsmati
- d. Virða fjölbreytileika barna hvað varðar menningarlegan bakgrunn, trúarbrögð, kynhneigð og aðra þætti sem gera hvern einstakling einstakan, þannig að hann upplifi öryggi og virðingu.
- Reglulegt mat á skólabrag og líðan allra barna
 - 100% barna upplifi sig örugg og virt í skólanum
 - 100% foreldra telji að skólinn virði fjölbreytileika
 - Einelti mælist ekki í könnunum
- e. Mótuð verði tungumálastefna fyrir skólana sem leiðarljós fyrir starfsfólk og börn í daglegu starfi og samskiptum.
- Regluleg endurskoðun á tungumálastefnunni

3. Sjálfbærni og náttúruvernd

- a. Kenna börnum um ábyrgð á náttúrunni, sjálfbæran lífsstíl og umhverfisvernd.
- Börn taki þátt í að minnsta kosti 3 skipulögðum útinámsverkefnum á skólaári
 - 80% barna þekki og geti útskýrt að minnsta kosti 3 leiðir til að vernda náttúruna í lok skólaárs
 - Hver nemandi fái tækifæri til náttúruskoðunar og umhverfistengdra verkefna á hverju skólaári
- b. Stuðla að virðingu fyrir náttúrunni með þátttöku í verkefnum eins og fjöruferðum og ræktun.
- Skipuleggja og fara í náttúruferðir á hverju skólaári, safna lífverum og greina
 - Hver hópur rækti minnst 2 tegundir jurta og fylgist með vexti þeirra.
- c. Fræða börn um hringrásarhagkerfið og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Börn vinni 1-3 hagnýt verkefni tengd hringrásarhagkerfinu á skólaári
 - 85% börn eldri en 9 ára geti útskýrt grunnhugtök hringrásarhagkerfis í lok skólaárs

- Vinna að minnsta kosti 2 þemaverkefni á ári sem tengjast heimsmarkmiðunum

4. Félagsfærni og samfélagsvitund

- Efla félagsfærni með hópvinnu, hlutverkaleikjum og kennslu í tilfinningastjórnun.
 - Halda reglulega bekkjarfundi með áherslu á tilfinningastjórnun.
 - Börn taki þátt í að minnsta kosti 2 skipulögðum hlutverkaleikjum á önn.
- Kynna börn fyrir samfélagsverkefnum og sjálfböðastörfum sem skapar vitund um ábyrgð gagnvart samfélaginu.
 - 95% barna taki þátt í að minnsta kosti einu sjálfböðastarfi og/eða samfélagsverkefni á önn.
- Þróa lýðræðislega hugsun með bekkjarfundum og umfjöllun um samfélagsmál eins og jafnrétti og mannréttindi.
 - Halda vikulega bekkjarfundi (15-30 mín).
 - 95% barna taki virkan þátt í umræðum á bekkjarfundum.
 - Halda reglulega lýðræðislegar kosningar á hverju skólaári.
- Tengja námsefni við raunveruleikann með verkefnum sem tengjast nærsamfélaginu. Vinna með foreldrum, stofnunum og fyrirtækjum til að skapa tækifæri fyrir börn að kynna atvinnulífina.
 - Vinna 1-2 verkefni á önn sem tengjast beint nærsamfélaginu
 - Fá að minnsta kosti einn gestafyrirlesara úr nærsamfélaginu á skólaári til að kynna störf eða mál sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma.
- Fræða börn um menningu, sögu og gildi samfélagsins með heimsóknum og þátttöku í menningarviðburðum.
 - Reglulega er fjallað um sögu samfélagsins í tengslum við önnur verkefni.
 - 95% barna taki þátt í árlegri menningarhátíð skólans

5. Skapandi hugsun og lausnamiðuð nálgun

- Hvetja til skapandi hugsunar með opnum spurningum, hugflæði og þemavinnu.
 - Kennarar nota reglulega opnar spurningar í kennslu
 - Vinna að minnsta kosti 1 - 3 þemaverkefni á önn þar sem börn hafa val um nálgun
 - 85% barna skili a.m.k. tveimur verkefnum á önn þar sem þeir sýna frumkvæði í lausnum
- Setja upp vegg fyrir hugmyndir þar sem hvert barn getur bætt við hugmyndum varðandi það mál sem er til umfjöllunar hverju sinni. Stuðla að lausnamiðaðri nálgun með verkefnum sem byggja á raunverulegum áskorunum.
 - Leggja fyrir eitt til tvö raunveruleg viðfangsefni úr samfélaginu á önn
 - Skipuleggja hópavinnu þar sem börn leysa raunveruleg vandamál
 - Börn nýti vegg fyrir hugmyndir til að benda á hugsanlegar lausnir.
- Samþætta ólíkar námsgreinar/námssvið til að skapa fjölbreytta nálgun og styrkja tengsl á milli þekkingarsviða.

- Hvert þemaverkefni tengist að minnsta kosti þremur námsgreinum/námssviðum
- Skipuleggja eitt til tvö samþætt verkefni á önn

6. Fjölbreytt og einstaklingsmiðað nám

- Viðurkenna að börn hafi ólíka námsstíla og bjóða upp á fjölbreytt námsefni og kennsluaðferðir sem taka mið af ólíkum þörfum barna.
 - Nota að minnsta kosti 4-5 mismunandi kennsluaðferðir í hverri námsgrein á viku
 - Bjóða upp á að minnsta kosti 3 mismunandi leiðir til að læra sama efnið
 - 90% kennslustunda innihaldi bæði sjónrænt, hljóðrænt og verklegt námsefni
- Stuðla að einstaklingsmiðuðu námi, þar sem börn fá að vinna á sínum hraða og með hliðsjón af áhugasviði þeirra.
 - Endurskoða námsmarkmið að minnsta kosti mánaðarlega
 - 80% barna nái sínum námsmarkmiðum á önn
 - Bjóða upp á val um námsverkefni í að minnsta kosti 40% kennslutímans
 - Bjóða hverju barni námsviðtal að minnsta kosti 2 sinnum á önn
- Viðhafa sveigjanlegt námsmat sem tekur mið af hæfni og getu hvers barns.
 - Nota að minnsta kosti 4 mismunandi matsaðferðir fyrir hvert námssvið
 - Gefa endurgjöf á vinnu barns að minnsta kosti vikulega - leiðsagnarmat
- Leggja áherslu á leikinn sem megin námsleið ungra barna, þar sem þau læra á eigin forsendum og þroska félagslega færni.
 - Tryggja að hluti af kennslutíma yngstu barna fari í leikmiðað nám (grunnskóli)
 - Bjóða upp á 60-90 mínútur af frjálsum leik daglega
 - Hafa að minnsta kosti fimm mismunandi leiksvæði/stöðvar aðgengilegar með fjölbreyttum leikföngum sem byggja undir þroska
- Stuðla að alhliða þroska og sköpunargáfu með leik, hvort sem hann fer fram úti eða inni.
 - Bjóða upp á að minnsta kosti þrjár útileikstundir á skipulagi á viku yngstu barnanna
 - Tryggja aðgang að fjölbreyttum útileikföngum (minnst 10 mismunandi tegundir)
 - Öll börn taki þátt í skipulögðu útinámi vikulega
- Skapa námsumhverfi og svigrúm þar sem börn fá að þróa sjálfstæði og sjálfstraust með því að velja eigin hlutverk og reglur í leik.
- Skapa námsumhverfi sem er hvetjandi og örvandi, með aðgengi að fjölbreyttum efniviði, verkfærum og upplýsingum sem geta stutt við sköpunarferli barna.
 - Hafa að minnsta kosti 4 - 6 mismunandi námsstöðvar í kennslurými
 - Endurnýja/breyta námsefnivið mánaðarlega
 - Tryggja aðgang að minnst 8 mismunandi tegundum sköpunarefnis
 - Bjóða upp á að minnsta kosti 4 mismunandi tæknilausnir/verkfæri
- Skapa menningu þar sem börn finna fyrir öryggi til að mistakast og læra af mistökum.
 - Halda bekkjarfundi um mistök og lærdóm að minnsta kosti þrisvar á önn
 - 90% barna segi frá mistökum sínum að minnsta kosti einu sinni á önn

7. Stafræn færni

- a. Kenna grunnatriði í tölvu- og tækninotkun, auka stafrænt læsi barna og efla gagnrýnið upplýsingalæsi.
 - 90% barna nái grunnfærni í ritvinnslu við lok 4. bekkjar
- b. Þróa gagnrýna tækninotkun og netöryggi með áherslu á siðferði á netinu og persónuvernd.
 - 85% barna geti metið áreiðanleika vefsíðna við lok 7. bekkjar
 - 90% barna geti fundið og notað a.m.k. þrjár áreiðanlegar upplýsingaveitur
 - Hver barna taki þátt í tveimur til þremur umræðum um falsfréttir á önn
 - 95% nemenda í 6. bekk og ofar þekki grundvallarreglur um persónuvernd á netinu
- c. Nota tæknilausnir í námi til að efla sjálfstætt nám og styðja við sköpun og forritun.
 - 85% nemenda í 4. bekk og ofar geti nýti stafræn verkfæri í verkefnavinnu
 - 80% kennara noti stafræn verkfæri í kennslu vikulega

8. Foreldrasamstarf – samvinna, traust og þátttaka

- a. Skapa vettvang fyrir foreldra til að taka virkan og ábyrgan þátt í skólastarfi, sem eykur tengsl þeirra við starfsfólk skólanna og skólastjórnendur.
 - 95% foreldra mæti á foreldrafundi/-kynningar á önn
 - Skipuleggja að minnsta kosti 2 viðburði á ári þar sem foreldrar taka virkan þátt
 - Bjóða upp á opna morgunkaffi-fund með stjórnendum einu sinni á önn
- b. Skipuleggja viðburði, fundi og námskeið sem styðja foreldra í að fylgjast með náms- framvindu og líðan barna sinna og veita stuðning heima.
 - Senda vikuleg upplýsingabréf til foreldra
 - Bjóða upp á fræðslufundi um uppeldismál og agastefnu einu sinni á skólaári
 - Halda að minnsta kosti eina vinnustofu á ári um heimanám og námsaðstoð
- c. Tryggja að samskipti við foreldra séu regluleg, uppbyggileg og gagnsæ til að auka traust og gagnkvæman skilning. Veita foreldrum góða innsýn í agastefnu skólanna sem byggir á sjálfstjórnarkenningum og ábyrgð barna á eigin hegðun og líðan.
 - Hver umsjónarkennari/deildarstjóri hafi samband við alla foreldra einu sinni í mánuði og senda fjölpóst a.m.k. einu sinni í viku.
 - Svvara öllum fyrirspurnum foreldra innan tveggja virkra daga
 - Halda samtöl við forsjáraðila einu sinni til tvisvar á önn
 - 100% forsjáraðilar mæti í samtöl
- d. Veita foreldrum aðgang að námsefni og stuðningsúrræðum sem auðvelda þeim að taka þátt í námi barna sinna.
 - Halda að minnsta kosti 1 vinnustofu á ári um heimanám og námsaðstoð -
 - Halda að minnsta kosti 1 kynningu á námsefni á önn
- e. Virkja foreldra í gerð einstaklingsnámskrár og teymisfunda vegna barna þeirra með kennurum, ráðgjöfum og öðrum fagaðilum.
 - 100% foreldra barna með sérþarfir taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár
 - Senda framvinduskýrslur til foreldra barna með sérþarfir á tveggja til sex vikna fresti
 - 100% mæting foreldra á teymisfundi um stöðu barna þeirra
- f. Endurskoða einstaklingsáætlanir að minnsta kosti á 3 mánaða fresti

9. Aðbúnaður – öruggt og hvetjandi námsumhverfi

- a. Tryggja að allt húsnæði, innviðir og leiksvæði uppfylli öryggis- og heilsukröfur og séu reglulega yfirfarin til að tryggja velferð barna og starfsfólks.
 - Framkvæma heildaröryggisúttekt að minnsta kosti einu sinni á skólaári
 - Dagleg skoðun á leiksvæðum og búnaði
 - 100% öryggisbúnaður virkar og uppfærður
 - Halda skráningar yfir allt viðhald og viðgerðir
- b. Skapa öruggt náms- og leiksvæði sem styður við líkamlegan og andlegan þroska, með áherslu á að öll leikföng, tækjabúnaður og innréttingar séu aðgengileg börnum með mismunandi þarfir.
 - 100% rýma uppfylli aðgengiskröfur
 - Að minnsta kosti 3 mismunandi gerðir af leiktækjum fyrir hvert aldursstig
 - 90% leikfanga og búnaðar aðgengileg öllum börnum
 - Árleg endurnýjun á 10 - 20% leikfanga og búnaðar
- c. Áhersla er á vel hönnuð leiksvæði og útisvæði sem hvetja til frjáls leiks, hreyfingar og náttúrutengingar.
- d. Hafa aðgengilegt útivistarsvæði sem stuðlar að virku útinámi og eflir umhverfisvitund með grænum svæðum, ræktunarsvæði og gróðri til að kenna börnum um náttúruna og sjálfbærni.
 - 30% - 40% útisvæðis sé grænt svæði
 - Minnst 5 mismunandi tegundir leiktækja á útisvæði
- e. Tryggja að börn og kennarar hafi aðgang að nýjustu stafrænu kennslutækjum og tæknibúnaði, þar á meðal tölvum, spjaldtölvum og snjallskjám/snjalltöflum, til að auka tæknifærni og undirbúa börn fyrir stafrænt samfélag.
 - Hvert barn hefur aðgang að tölvu/spjaldtölvu
 - Snjallskjár/snjalltafla í 100% kennslurýma
 - Endurnýjun á 10% tækjabúnaðar árlega
 - Mánaðarlegt eftirlit með öllum tækjabúnaði
 - 100% kennara með aðgang að eigin tölvu
- f. Uppfæra hugbúnað og stafræna innviði reglulega til að fylgja nýjustu tækniþróun og tryggja öflugt netsamband í öllum rýmum skólanna.
 - Uppfærsla á hugbúnaði að minnsta kosti á 3 mánaða fresti
 - Öryggisafritun gagna daglega
 - Reglulegar öryggisuppfærslur á öllum kerfum

10. Starfsfólk – grunnur að öflugum skólasamfélagi

- a. Skapa vinnuumhverfi þar sem starfsfólk hefur aðgang að fjölbreyttri þjálfun og fræðslu, svo það geti tileinkað sér nýjustu kennsluáferðir, tækni og námsefni.
 - Halda fræðslufundi að lágmarki fimm sinnum á ári þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að fræðast eða miðla þekkingu og reynslu um ýmis málefni.

- 100% starfsmanna sinni starfspróun í einhverri mynd árlega
 - Endurskoða starfspróunaráætlun á hverju ári
 - Allir starfsmenn hafi aðgang að minnsta kosti einu starfspróunarverkefni á hverju ári.
- b. Veita starfsfólki sérstakan stuðning til að sinna börnum með fjölbreyttar námsþarfir, til dæmis með námskeiðum í einstaklingsmiðaðri kennslu, félagsfærni og fjölmeningarkennslu.
- Halda reglulega námskeið um sérstakan stuðning
 - Mánaðarleg handleiðsla fyrir alla sem sinna stoðkennslu
- c. Stuðla að góðri líðan starfsmanna með heildrænni nálgun sem tekur mið af andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Sinna reglulega mælingu á starfsánægju, streitustjórnun og stuðningi við andlega heilsu.
- Framkvæma starfsánægjukannanir annað hvert ár
 - 90% starfsmanna taki þátt í streitustjórnunarnámskeiði
 - Reglulegt mat á vinnuálagi
- d. Tryggja að starfsfólk hafi aðgang að úrræðum, svo sem ráðgjöf og streitustjórnunarnámskeiðum, og fái sveigjanleika til að sinna fjölskyldu- og persónulegum málefnum.
- Halda að minnsta kosti eitt námskeið í streitustjórnun árlega
 - Árleg starfspróunarviðtöl
- e. Efla traust og samstarf með því að leggja áherslu á virðingu og jafnræði í samskiptum og skipuleggja teymisvinnu í öllum þáttum skólastarfsins.
- Vikulegir teymisfundir
 - 95% mæting á teymisfundi
 - Mánaðarlegir þverfaglegir samstarfsfundir
 - Að minnsta kosti 4 sameiginleg verkefni á önn
 - 90% starfsmanna taki þátt í þverfaglegu samstarfi
- f. Þróa mannauðsáætlun til að laða að hæft starfsfólk og skapa vinnuumhverfi sem býður upp á tækifæri til vaxtar og þróunar.
- Starfsmannavelta sé að meðaltali undir 10 – 15% á þriggja ára tímabili
 - Sjá einnig viðmið við markmið hér að ofan.

11. Mat og umbætur

- Langanesbyggð og skólarnir hafa skýra stefnu um menntun. Stefnan inniheldur skýr viðmið um gæði skólastarfs og hvernig þeim verði náð.
- Tryggja þarf að allir hagsmunaaðilar, börn, foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn, taki þátt í stefnumótun og umbótum. Þetta stuðlar að því að allir sem koma að skólastarfinu taki ábyrgð á þróun þess.
- Skólarnir framkvæma reglulegt innra mat á eigin starfsemi. Þetta felur í sér að meta árangur náms, kennsluaðferðir, félagslegt umhverfi, og hvort markmið skólans og stefnunnar séu að nást.

- Langanesbyggð lætur framkvæma ytra mat á skólunum til að fá utanaðkomandi sýn á gæði skólastarfsins. Mikilvægt er að í kjölfar matsins sé veitt ítarleg endurgjöf og stuðningur til umbóta ef þörf krefur
- Skólarnir safna gögnum um námsárangur, líðan, mætingu, hegðun, og aðra þætti sem hafa áhrif á skólastarfið.
- Þegar tækifæri til úrbóta hafa verið greind í mati þróa skólarnir umbótaáætlanir með skýrum markmiðum, aðgerðum og tímaramma sem eru raunsæjar og innihalda skýr viðmið um árangur.
- Langanesbyggð þarf að tryggja að skólum sé veittur nægur stuðningur til að framkvæma umbótaáætlanir, bæði í formi fjármagns og faglegrar ráðgjafar.

Niðurstöður úr Skólapúlsinum

Hér er gerð tilraun til að tengja markmið menntastefnunnar við mælingar sem eru gerðar í Skólapúlsinum, til þess að nýta það sem þegar er verið að gera. Viðmiðin eru sett fram sem tillögur og verður að meta á hverjum tíma hversu raunhæf þau eru. Í mörgum tilvikum eru skólarnir í Langanesbyggð að koma mun betur út en meðaltal landsins og er horft að einhverju leyti til þess.

Það verður svo að horfa til þess að merkingar með litum eru gerðar til að fá fram **vísbendingar** um hvar virkileg þörf er á lagfæringum eða breytingum og þá þarf að greina hvað þarf raunverulega að gera.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalnir (e. stanines). Staðalnir eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig. Í sumum tilvikum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

	Mjög góð staða – niðurstaða í samræmi við viðmið
	Góð staða en ákveðin atriði þarfnast úrbóta
	Ekki góð staða og mikilvægt að greina úrbótþörf og framkvæma

Barnaból - foreldrar

Skólapúlsinn	Markmið nr.	Staða 2025	Viðmið	
Ánægja með leikskólann	öll	87,5%	95%	
Ánægja með stjórnun	8.1	93,8%	95%	
Ánægja með húsnæði og aðstöðu	9	93,8%	95%	
Félagsleg samskipti barnanna	4.1- 1.4	84,6%	95%	

Upplýsingamiðlun til foreldra	8.3	78,6%	90%	
Þekking foreldra á stefnu og námskrá	8.2-8.5	93,3%	95%	
Tengsl við starfsfólk leikskólans	8.1-8.3	86,7%	95%	
Hvatning til þátttöku í leikskólstarfinu	8.1-8.6	73,3%	90%	

Barnaból - starfsmenn

Skólapúlsinn	Markmið nr.	Staða 2025	Viðmið	
Vinnuálag	10.3	2,8	3	
Skýrleiki hlutverks	10.4	6,5	6	
Jákvæðar áskoranir í starfi	10.1	5,8	5,5	
Skuldbindin til vinnustaðarins	10.6	6,7	6	
Ræktun mannauðs	10.1	6,8	6,5	
Starfsmannasamtöl undanfarið ár	10.4	71,4%	100%	
Gagnsemi starfsmannasamtala	10.4	100%	100%	
Starfsandi	10.3	6,3	6	
Ánægja með vinnuaðstöðu	9	5,9	5,5	
Stuðningur frá samstarfsfólki	10.5	6,9	6,5	
Stuðningur við nýsköpun	10.1	6,6	6,5	
Einelti (þú)	10.3	0%	0%	
Einelti (annar en þú)	10.3	0%	0%	
Stuðningur frá næsta yfirmanni	10.2	6,5	6,5	
Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	10.1	6,5	6,5	
Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	10.1	6,6	6,5	

Grunnskólinn á Þórshöfn – foreldrar – mæling gerð annað hvert ár

Skólapúlsinn	Markmið nr.	Staða 2025	Viðmið	
Ánægja foreldra með nám og kennslu	1,2,4,6,8,9	5,7	6	
Ánægja foreldra með stjórnun	8.1	100%	100%	
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	2	75,8%	80%	
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	1 og 2	100%	100%	
Líðan nemenda í skólanum almennt	4	97,1%	95%	
Umfang eineltis í skólanum	2.4	2,9%	0%	
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	9	6,3	6,5	
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	8.1 – 8.2	69%	70%	
Leitað eftir tillögum foreldra og ábendingar teknar til greina	8.1 – 8.2	76,9%	80%	
Ánægja með síðasta foreldraviðtali	8.3	100%	100%	
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	8.5	44,4%	70%	
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	8.2 - 8.5	79,4%	95%	
Virgni foreldra í námi barna sinna	8.6 – 8.1	4,6	5,5	

Grunnskólinn á Þórshöfn – nemendur 6. – 10. bekkur – mæling á hverju ári

Skólapúlsinn	Markmið nr.	Staða 2026	Viðmið	
Þrautseigja í námi	1.6	4	5	
Trú á eigin námsgetu	1.6 – 2.3	4,5	5	
Sjálfssálit	1.6	4,4	5	
Vellíðan	1	4,1	5	
Tíðni eineltis	2.4	13,8%	0%	
Samband nemenda við kennara	6.8	5,6	6	
Virk þátttaka nemenda í tímum	5 - 6	5,3	6	
Tíðni leiðsagnarmats	6.3	5,1	5,5	

Grunnskólinn á Þórshöfn – nemendur 2. – 5. bekkur – mæling á hverju ári

Skólapúlsinn	Markmið nr.	Staða 2025 haust	Viðmið	
Ánægja með skólann	6	5,2	5,5	
Vellíðan í skólanum	1	5,3	5,5	
Ánægja af lestri	2	4,7	5,5	

Grunnskólinn á Þórshöfn – starfsfólk – mæling gerð annað hvert ár

Skólapúlsinn	Markmið nr.	Staða 2025	Viðmið	
Vinnuálag	10.3	3,7	3	
Skýrleiki hlutverks	10.4	5,9	6	
Jákvæðar áskoranir í starfi	10.1	6	6	
Skuldbinding til vinnustaðarins	10.6	6	6	
Ræktun mannauðs	10.1	6,2	6,5	
Starfsmannasamtöl undanfarið ár	10.4	38,5%	100%	
Gagnsem starfsmannasamtala	10.4	100%	100%	
Starfsandi	10.3	6	6	
Ánægja með vinnuaðstöðu	9	4,6	5,5	
Einelti (þú)	10.3	0%	0%	
Einelti (annar en þú)	10.3	0%	0%	
Stuðningur frá næsta yfirmanni	10.2	6,1	6,5	
Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	10.1	6	6,5	
Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	10.1	6,3	6,5	
Ánægja með kennarastarfið	10.6	6,9	6,5	
Trú kennara á eigin getu	10.2	5,7	6	
Upplýsingamiðlun til foreldra	8.3	4,2	6	

Einstaklingsmiðuð kennsla	6.2 - 2	83,3%	80%	
Stuðningur við kennara vegna nemenda með námsörðugleika	10.2	7,4	7	
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda	10.2	7,3	7	
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	10.1	5,6	6	
Samvinna um kennslu	10.5	5,1	6,5	